

8. fundur umhverfis- skipulags- og bygginganefndar haldinn á skrifstofu

Langanesbyggðar, Fjarðarvegi 3, Þórshöfn, miðvikudaginn 9. mars 2011 kl. 12:00

Mætt: Jóhanna Helgadóttir formaður, sem ritaði fundargerð á tölvu, Sóley Indriðadóttir, Steinunn Leósdóttir, Jósteynn Hermundsson og Vikar Már Vífilsson. Einnig sátu fundinn Halldór Jóhannsson frá Teikn á lofti og Gunnólfur Lárusson sveitarstjóri.

Dagskrá:

1. Erindi frá efstu bekkjum grunnskólans.

Í erindinu óska nemendurnir eftir að fá heimild til að setja upp járnverk við aðkomu Þórshafnar til suðurs. Verkinu er ætlað að bjóða aðkomendur velkomna. Nefndin samþykkir erindið með fyrirvara um að skoða nánari staðsetningu við verklok.

2. Deiliskipulag fyrir höfnina.

Halldór kynnti fyrir nefndinni nýtt deiliskipulag fyrir hafnarsvæðið. Nefndin leggur til að sú breyting verði gerð á framlögðum uppdrætti að Eyrarvegur 8 verði skilgreindur sem hús sem standi áfram og því mörkuð lóð. Nefndin felur sveitarstjóra að ganga frá deiliskipulaginu til auglýsingar.

3. Aðalskipulag Langanesbyggðar .

Halldór fór yfir ferlið frá því að vinna við aðalskipulag hófst og hver staðan er nú. Einnig var farið yfir þær athugasemdir sem bárust v/aðalskipulags og mun þeim verða svarað eftir framhaldsfund sem ákveðinn hefur verið n.k. fimmtudag 16. mars.

Fleira ekki gert, fundargerð lesin upp og samþykkt samhljóða.

Fundi slitið kl. 14:25